



SUMMAR VOGUM

2023

Ævintýra og knattspyrnuskóli Þróttar

Námskeiðið fer fram 12-16 júní og 19-23 júní 2023.



1-4 bekkur 09:00-11:30

5-7 bekkur 11:30-14:00

Skemmtileg og fjölbreytt dagskrá þar sem farið verður í fótbolta en einnig ýmsar aðrar íþróttir, sundferðir, heimsóknir og leiki. Við fáum skemmtilega gesti í heimsókn og höfum gaman. Auglýst nánar síðar facebooksíðu Þróttar.



VINNUSKÓLINN

Vinnuskólinn hefur aðsetur í Þjónustumiðstöð sveitarfélagsins,
Löndal 4.

Yfirflokkstjóri vinnuskólans er Ellen Ísaksdóttir (Sími: 855-6234)

Vinnutími vinnuskólans er
eftirfarandi:

14 ára, (8. bekkur):

Tímabil: 12. júní – 6. júlí.

**Starfstími: Mánudaga til fimmtudaga
kl. 08:00 - 12:00.**

Fjöldi vinnustunda 64.

15 ára, (9. bekkur):

Tímabil: 12. júní – 27. júlí:

**Starfstími: Mánudaga til fimmtudaga
kl. 08:00-12:00 og 13:00-15:00.**

Fjöldi vinnustunda 144.

16 ára, (10. bekkur):

Tímabil: 12. júní - 10. ágúst.

**Starfstími: Mánudaga til fimmtudaga
kl. 08:00-12:00 og 13:00-15:00.**

Fjöldi vinnustunda 186

17 ára, (1. bekkur framhaldsskóla):

Tímabil: 30. maí - 10. ágúst.

**Starfstími: Mánudaga til fimmtudaga
kl. 08.00-12.00 og 13.00-15.00.**

Fjöldi vinnustunda 228.




Frekari upplýsingar :

Umsjónarmaður vinnuskólans er
Hanna Lís Hafsteinsdóttir . Sími
440-6200.



**SVEITARFÉLAGIÐ
VOGAR**



GOLFKLÚBBUR
VATNSLEYSUSTRANDAR
STOFNADUR 1991

Golfnámskeið

**Golfnámskeið hjá Golfklúbbi
Vatnsleysustrandar.**

**Boðið verður upp á golfnámskeið fyrir
börn fædd fædd 2010-2016 í sumar á
golfvelli GVS við Kálfatjörn.**

5.-9. júní verð: 10.000 kr. / 15.000 kr. fyrir systkini.


Námskeiðið stendur yfir frá kl. 9-12.

**Akstur er í boði til og frá námskeiði. Farið verður frá
Íþróttamiðstöð kl. 8:45.**

**Afreksskylfingar frá Golfklúbbum Keili verða
leiðbeinendur á
námskeiðinu. Þátttökugjaldi er stillt í hóf. Innifalið er
hádegishressing
og drykkur. Einnig verða krakkarnir félagsmenn í GVS
og geta því komið
og spilað golf að námskeiði loknu.**

**Greitt er fyrir námskeið í golfskála í byrjun
námskeiðs.**

Skráning og nánari upplýsingar í síma 424-6529.



**Foreldrar
verum samtaka**



Útivistarreglurnar

Á skólatíma

(1. september til 1. maí)

12 ára börn og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 20

13 – 16 ára börn mega ekki vera úti eftir kl. 22

Á sumrin

(1. maí til 1. september)

12 ára börn og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 22

13 – 16 ára börn mega ekki vera úti eftir kl. 24

Foreldrar og forráðamenn hafa fullan rétt til að stytta þessa tíma.

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum og mega börn ekki vera á almannafæri utan ofangreidds tíma nema í fylgd með fullorðnum.

Þregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðskennðri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.

Knattspyrnuæfingar Þróttar



**Knattspyrnudeild Þróttar mun hefja
æfingar í júní.**

**Æfingatöflur og fréttir munu birtast á
heimasíðu Þróttar**

<https://throtturvogum.is/>

og á heimasíðu þeirra

**[https://www.facebook.com/profile.php?
id=100009184211992](https://www.facebook.com/profile.php?id=100009184211992)**



Leikjaskólinn



Leikjanámskeið

Fellur niður vegna manneklu.

**Okkur langar að vera með námskeið eftir
verzlunarmannahelgi fyrir elsta bekkinn í leikskóla.
Það verður auglýst síðar ef að starfkraftur fæst í
starfið.**

**Þeir sem hafa áhuga á að taka að sér námskeið í ágúst
endilega sendið umskókn á gudmundurs@vogar.is**



**SVEITARFÉLAGIÐ
VOGAR**

FRÍSTUNDIR.IS

Nýr upplýsingavefur um frístundastarf á öllum Suðurnesjum

The screenshot shows the website www.fristundir.is. The header includes the logo 'Velkomin á FRÍSTUNDIR.IS', navigation icons for 'HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG', 'Suðurnesjabær', and 'Ljósánótt', and buttons for 'Hafa samband' and 'Frístundastýkur'. The main content area features a purple background with the title 'Frístundir.is' and a paragraph: 'Frístundavefur Reykjanes hefur að geyma upplýsingar um frístundastarf fyrir alla aldurshópa sem í boði er á öllum sveitarfélögum á Suðurnesjum. Hægt er að skoða framboð eftir aldri og eftir staðsetningu. Á vefnum má einnig finna hugmyndir af skemmtilegum stöðum fyrir útvist og samveru.' To the right is a photo of a child with a golf club. Below this is a filter menu with tabs for 'Öll', 'Reykjanesbær', 'Grindavík', 'Vogar', and 'Suðurnesjabær', and a sub-menu for age groups: 'Sjá allt', '2-5 ára', '6-7 ára', '8-9 ára', '10-11 ára', '12-13 ára', '14-15 ára', '16 ára +', and 'Útvist og samvera'. Three featured articles are shown: 'Körfuknattleiksdeild Keflavíkur kyn...', 'Björgunarsveitin Sigurvon...', and 'Skessan í hellinum'.





Sundlaugin í Vogum

Ekki þarf að taka það fram að frítt er í sund fyrir alla íbúa sveitarfélagsins sem eiga skráð lögheimili í Vogum.



Opnunartími sundlaugar er:

Mán – Föst 06:00 – 22:00 (laug og pottar er opið til 21:00)

Laug – Sun 10:00 – 16:00

Verðskrá fyrir utanbæjarfólk í sund:

Börn 0-18 ára: 300kr

Fullorðnir: 950kr

Öryrkar og eldri borgarar: 300kr

Alltaf heitt á könnunni.



17. JÚNÍ

Kvenfélagið Fjóla,
Lionsklúbburinn Keilir,
Vogahestar og Sveitarfélagið
Vogar halda sameiginlega
skemmtun á 17. júní.

Hæ hó jibbí jei og jibbí jei jei Það er kominn

Dagskrá í Tjarnarsal

- Hið margrómaða kaffihlaðborð kvenfélagsins.
- Sirkus Ananas verður með "mikilvæg mistök" fyrir yngri kynslóðina.
- Arnbjörg Hjartardóttir verður með tónleika.
- Menningaverðlaun verða afhent.

Skemmtun á útisvæði

- Hoppukastalar
- Glímusýning
- Lions verður á ljúfri siglingu á tjörninni.
- Vogahestar teyma undir yngstu kynslóðinni

FJÖLSKYLDUDAGAR

Hátíð fjölskyldunar

Dagarnir verða með venjubundnu sniði. Hverfaleikar, brekkusöngur og tónleikar verða á sínum stað og eflaust verður einnig bryddað upp á nýjungum. Verður fullbúin dagskrá kynnt þegar nær dregur og er fólk hvatt til að fylgjast með á viðburðadagatali á heimasíðu sveitarfélagsins.



Að venju eru Fjölskyldudagar skipulagðir af félagasamtökum Sveitarfélagsins og reiknað er með að hátíðin í ár verði flottari og skemmtilegri en fyrri hátíðir.

Aðgangur á alla viðburði hátíðarinnar er ókeypis eins og venjulega.

Íbúar Voga eru hvattir til að taka virkan þátt í hátíðinni en allir eru auðvitað velkomnir og vel er tekið á móti gestum.





**SVEITARFÉLAGIÐ
VOGAR**